

***Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 14. maí 2020: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um að Reykjavíkurborg hefji átak í nýsköpun á tímum Covid-19:***

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg stofni til nýsköpunarsamkeppni með hliðsjón af því fordómalaus ástandi sem nú heltekur mannkyn vegna kórónaveirunnar. Neyðin kennir naktri konu að spinna, en líkt og þegar skóinn kreppir að þá vaknar sköpunarþörf einstaklingsins og nýir hlutir verða til. Einmitt nú er kjörið tækifæri til að virkja sköpunarkraft borgarbúa og bjóða þeim upp á öflug námskeið í nýsköpun svo þeir geti mótað og virkjað sínar hugmyndir. Í framhaldinu yrði komið á samkeppni með veglegum verðlaunum þar sem þátttakendum er boðið upp á leiðsögn í að þróa sínar hugmyndir en frekar. Leitað verði til fagaðila á ýmsum sviðum bæði til kennslu og leiðsagnar í öllu ferlinu. Hugsanlega mætti höfuð áherslan vera á nýsköpun tengd þjónustu og starfsemi borgarinnar, samskipti manna á meðal og nýjar aðferðir með miðlun listviðburða og margt fleira. Borgarfulltrúi fagnar því að borgarráð er með sömu sýn.